

Mál nr. 4/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar pípulagningarverktakar við húsbyggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við byggingu fjöleignarhúss.****Gögn.**

- 4) Málskot móttakið 03.01. 2013.
- 5) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að margvíslegir annmarkar hafi komið fram vegna þeirra húsbyggingar sem um getur í málskotinu sbr. fyrirliggjandi gögn. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur útilokað að sjá “nákvæmlega hvaða tjón það er sem óskast bætt, en margháttað tjón hefur verið metið í þeim matsgerðum og samskiptum sem liggja til grundvallar. Ekki hefur verið upplýst hvort bætur hafi fengist greiddar úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Af þessum sökum hlýtur að koma til greina að visa málinu frá nefndinni sbr. e-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktar fyrir nefndina. Verði svo ekki gert og fari svo að nefndin telji bótaskyldu vera fyrir hendi að einhverju leyti” fer félagið fram á það að nefndin útskýri og tiltaki það nákvæmlega hvaða tjón er bótaskyld.

Álit

Samkvæmt 4-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verð aflað og kröfugerð skýrð.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og með vísan til nefnds e-liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktar nefndarinnar er máli þessu vísað frá. Málið er svo óljóst og illa upplýst að það er ekki tækt til efnislegrar umfjöllunar.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 8. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.